

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Allsherjarnefnd, Alþingi**
Sendandi: **Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**
Dagsetning: **22.11.2006**
Málsnúmer: **DKM06010177**
Bréfalykill: **130**

Efni: Fjárlög 2007 og fjáráukalög 2006

Ósk um eintak af skýrslu nefndar um málskostnað í opinberum málum og opinberra réttaraðstoð.

Skýrsla um málskostnað í opinberum málum er að finna á vef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á eftirfarandi slóð: http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/DKM_malskostnadur.pdf.

Efling sérsveitar ásamt yfirliti um kostnað.

Efling sérsveitar byggir á ákvörðun ríkisstjórnar (sennilega 3. febrúar 2004). Breytingar urðu þær helstar að sérsveitin fékk stöðu stoðeildar undir forsjá ríkislögreglustjórans og sérsveitarmenn hjá lögreglunni í Reykjavík fluttust til ríkislögreglustjórans. Auk þess að styrkja allt lögreglustarf í landinu tryggir þessi nýskipan, að sérsveitin raskar ekki lengur starfsemi almennrar deildar lögreglunnar í Reykjavík vegna brotthvarfs manna til sérsveitarstarfa eða þjálfunar. Brýnt er, að sérsveitarmenn sinni áfram almennum lögreglustörfum samhliða þjálfun og verkefnum sem sérsveitarmenn, því að erfið og krefjandi, dagleg lögregluverkefni eru í reynd raunhæf þjálfun.

Á árinu 2004 færðust 16 stöðugildi sérsveitarmanna hjá lögreglustjóranum í Reykjavík til ríkislögreglustjórans. Millifærðar voru 88 m.kr. frá lögreglustjóranum í Reykjavík til ríkislögreglustjórans. Til að mæta flutningi sérsveitarmanna sem hafa að hluta sinnt almennri löggæslu í Reykjavík var fjölgað um 10 stöðugildi lögreglumanna í almennri deild hjá lögreglunni í Reykjavík. Aukin heildarkostnaður vegna ársins 2004 nam 57,5 m.kr.

Áætlunin gerði ráð fyrir að í lok árs 2006 verði 36 sérsveitarmenn í stoðeild hjá ríkislögreglustjóra. Jafnframt verði á Keflavíkurflugvelli 12 sérsveitarmenn sem verði hluti af sérsveit ríkislögreglustjórans og fjölgað verði um tvo sérsveitarmenn á Akureyri. Var ætlunin að fjölga sérsveitarmönnum úr 21 lögreglumönnum í 52 á landsvísu. Hún gæti þá sinnt lágmarkskröfum sem eðlilegt er að gera með tilliti til almenns öryggis og skuldbindinga Íslands vegna flugverndar, siglingaverndar og friðargæslu. Miðað við þessa stærð væri kleift að manna tvær vopnaðar viðbragðsbifreiðar á höfuðborgarsvæðinu og eina á Keflavíkurflugvelli. Eftir sem áður yrði tryggt, að sveitin gæti samhliða brugðist við verkefnum á landsvísu.

Aukinn kostnaður vegna fjölgunar sérsveitarmanna á árunum 2005 og 2006 var áætlaður 99 m.kr. vegna fjölgunar hjá stofnunum dómsmálaráðuneytis og 44 m.kr. vegna fjölgunar um 8 lögreglumenn á Keflavíkurflugvelli, Samtals nemur þetta 143 m.kr. vegna fjölgunar lögreglumanna.

Aukinn rekstrarkostnaður sérsveitarinnar vegna fjölgunar í 52 manna sveit nemur 62,5 m.kr. á ári, þar af 25,5 m.kr. vegna fjölgunar um 12 sérsveitarmenn á Keflavíkurflugvelli og 5 m.kr. til að gera út tvær vaktabifreið til viðbótar á höfuðborgarsvæðinu og á Keflavíkurflugvelli. Einskiptis

stofnkostnaður vegna búnaðarkaupa nemur því samtals 41 m.kr.

Kostnaður við tillögur	2004	2005-2006	Samtals
Fjöldgun lögreglumanna/sérsvéitarmanna	55 m.kr.	143 m.kr.	198 m.kr.
Aukinn rekstrarkostnaður sérsvéitar	2,5 m.kr.	62,5 m.kr.	65 m.kr.
Einskiptis stofnkostnaður		41 m.kr.	41 m.kr.
SAMTALS	57,5 m.kr.	246,5 m.kr.	304 m.kr.

Yfirlit um stöðu Ríkislögreglustjóra.

Varðandi þróun verkefna og kostnaðar embættis Ríkislögreglustjóra vísar dóms- og kirkjumálaráðuneytið á nýlega úttekt Ríkisendurskoðunar á eftirfarandi slóð:
http://www.rikisend.is/files/skyrslur_2006/rikislogreglustjori.pdf

Opinber réttaraðstoð, áætlun 2006 og 2007 bls. 340 í frumvarpi til fjárlaga.

Staða fjárlagaliðs 06-232 Opinber réttaraðstoð m.v. fyrstu tíu mánuði ársins 2006 er 166,5 m.kr. er því útséð að kostnaður verði umfram áætlaða 145,6 m.kr. lokastöðu ársins 2006 einnig eru vísbendingar um að kostnaður vegna ársins 2007 verði umfram áætlun. Ráðuneytið er að leggja lokahönd á reglugerð um opinbera réttaraðstoð á grundvelli breytinga á lögum. Er þess vænst að reglugerðin hafa þau áhrif að draga úr vaxtakraða fjárlagaliðarins.

Tafla bls. 341 ýmis löggæslu og öryggismál.

Á fjárlagaliðin 06-390 er gjaldfærður ýmis kostnaður vegna löggæslu og öryggismála. Á óskiptum lið munar mestu um samning um Tetra fjarskiptaþjónustu fyrir löggæsluembætti en einnig er þar fært framlag sem ætlað er til að aðstoða löggæsluembætti við útgjöld vegna langtímaveikinda auk tímabundinna verkefna, t.d. nýskipan löggæslumála. Á fjárlagaliðinn er einnig fært framlag vegna trygginga lögreglumanna og rannsóknamiðstöðvar Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði.